

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan hf. Neskaupstað Neskaupstaður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	5.12.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan hf. Neskaupstað	Eftirlitsmaður	Leifur Þorkelsson
Heimili	Hafnarbraut 6, Neskaupstað	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Sverrisson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Hafþór Eiríksson	Staðsetning	748727,903 526902,195

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik kom fram í eftirlitsferðinni. Hraði útblásturslofts frá skorsteini mælist lægri en 20 m/s. Brugðist hafði verið við frávikum varðandi útstremisbókhald og frestur til að bregðast við frávikum varðandi ryk í útblæstri hefur verið veittur.

Umhverfisstofnun hefur með tölvupósti til framkvæmdastjóra Félags íslenskra fiskmölsframleiðenda dags. 8.11. sl. veitt verksmiðjunum frest til 31. janúar 2017 til að leggja fram greinargerð varðandi úrbætur/lausn vegna frávikum í tengslum við magn ryks í útblæstri frá fiskimjölsverksmiðjum.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslu sem unnin var í kjölfar eftirlitsferðar þann 11. september 2015 en þá komu fram tvö frávik frá starfsleyfi verksmiðjunnar. Ryk í útblæstri frá olíubrennurum var yfir starfsleyfismörkum og útstremisbókhaldi hafði ekki verið skilað.

Útstremisbókhaldi var skilað í apríl sl. og þann 8. nóvember sl. veitti Umhverfisstofnun verksmiðjunni frest til janúarloka 2017 til þess að leggja fram greinargerð varðandi úrbætur/lausn vegna frávikum í tengslum við magn ryks í útblæstri.

Þegar verksmiðjan var heimsótt hafði hún unnið úr rúmlega 85.000 tonnum af hráefni og ekki hafði komið til þess að vinna hafi legið niðri í meira en mánuð samfelld. Engin mengunaróhöpp hafa orðið í verksmiðjunni á árinu og engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar.

Fram kom að fitugildra í verksmiðjunni var nýlega stækkuð og eru afköst hennar eftir stækkun 70 m³/klst. Einnig hafa plön og lagnir í jarðvegi við hráefnistanka verið endurnýjuð. Gólf í verksmiðjunni hafa verið lagfærð og máluð að hluta og verður þeirri vinnu haldið áfram eftir því sem tími vinnst til.

TVN- gildi í hráefni er mælt í samræmi við ákvæði í starfsleyfi og er niðurstöðum skilað til eftirlitsaðila reglulega. Ekki hefur komið til þess að TVN mælist yfir starfsleyfismörkum sem eru 100 mg N/100 g. Að undanfögnu hefur verið unnið markvisst að því að bæta hráefnismeðferð um borð í þeim skipum sem sjá verksmiðjunni fyrir hráefni.

Samhliða mælingum á ryki í útblæstri var hraði útblásturslofts frá skorsteini mældur. Í ljós kom að útblásturhraði er lægri en 20 m/s og er því um frávik frá starfsleyfi að ræða.

Sýni var tekið af fráveituvatni í lok nóvember. Niðurstöður frá rannsóknarstofu liggja fyrir en ekki var búið að reikna út losun frá verksmiðjunni að teknu tilliti til rennslis og magni hráefnis í vinnslu. Þó liggur fyrir að fita í frárennslis mældist undir starfsleyfismörkum.

Verkfræðistofan Mannvit framkvæmdi hljóðmælingar frá verksmiðjunni í febrúar sl. Í minnisblaði frá verkfræðistofnunni dags. 4. mars 2016 kemur fram að hávaði hafi mælst innan þeirra marka sem sett eru í reglugerð um hávaða og grein 2.20 í starfsleyfi verksmiðjunnar.

Að loknum fundi með fulltrúum fyrirtækisins var gengið um verksmiðjuna og athafnavæði hennar. Snyrtilegt var um að litast og hvergi ummerki mengun af nokkru tagi sem rekja mátti til starfseminnar.

Frávik frá

ákvæði í grein 2.13

Lýsing á fráviki

Hraði útblásturslofts frá skorsteini er lægri en 20 m/s

ANNAÐ

Minnt er á að skila þarf niðurstöðum og útreikningum í tengslum við mælingar á fráveituvatni

Minnt er á að frestur til að leggja fram greinargerð vegna ryks í útblæstri rennur út 31. janúar 2017.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.12.2016



Gottskálk Friðgeirsson